

## Fundargerð Félags rannsóknarstjóra á Íslandi

Mætt voru: Anna Kristín Daníelsdóttir, Ásta Sif Erlingsdóttir, Kristján Kristjánsson, Ólöf G Sigfúsdóttir, Oddný S Gunnarsdóttir

Dagskrá:

1. Ákveða næsta aðalfund. Aðalfundur verður haldinn miðvikudaginn 30. Apríl kl 16:00 – 18:00 í MATIS, Vínlandsleið 12. Fundarboð verða að vera send út fyrir 16. apríl
  2. Opinn fyrirlestur verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík 25. eða 26. Febrúar kl 12:10. Dr Jørgen Staunstrup, Provost, hjá IT University of Copenhagen mun halda fyrirlestum “Developing the quality of funding processes”. Fyrirlesturinn fjallar um hvernig IT University of Copenhagen hefur byggt upp og þróað rannsóknarþjónustu, sérstaklega er varðar fjármögnunarferlana hjá skólanum.
  3. Heimasíða ICEARMA. Ásta Sif formaður vill gjarnan að fleiri leggi þar hönd á plóg við vinnu á heimasíðunni. Ákveðið að við kynntum okkur betur heimasíður annarra samtaka og bættum inn á auðar slóðir hjá okkur.
  4. COST-verkefnið BESTPRAC. Fyrsti vinnufundur samtakanna verður haldinn 17.-19. mars í Zagreb. Ásta Sif og Kristján munu fara þangað. Helstu áherslur verða lagðar á þrjá þætti verkefna: lagalegan-, stjórnunarlegan- og fjármálaþáttinn. Eingöngu er fjallað um verkefni sem þegar hafa hlotið styrki. Kristján og Ásta Sif sendu inn nöfn allra þeirra sem sýndu áhuga á að starfa í COST- verkefninu og mun trúlega vera kallað á þessa einstaklinga síðar.
  5. Bréf frá INORMS - INORMS membership for new societies. Bandarísk samtök sem óska eftir samstarfi við okkur. Ásta Sif tekur að sér samskipti við samtökin og að svara fyrirspurn þeirra.
- Einnig benti hún á að ICEARMA er þátttakandi í EARMA (sjá EARMA.org) og félagar okkar geta tekið þátt í áhugaverðu starfi EARMA. Hvetur okkur til að kynna okkur starfsemi EARMA.
6. Önnur mál:
    - A. Kristján ætlar að skila uppgjöri til samstarfsnefndar háskóla í næstu viku.
    - B. Senda þarf úr greiðsluseðla / reikninga fyrir félagsgjöldum sem fyrst því þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöld hafa ekki kostningarétt á aðalfundinum.
    - C. Þurfum að fjölga félögum í samtökunum. Athuga sem dæmi hjá stofnunum eins og Marel, Hafrannsóknarstofnun, Keldum, Veiðimálastofnun .
    - D. Upp kom hugmynd um fund þar sem farið væri yfir matskerfi háskólanna og uppgjöri sem sent er Menntamálaráðuneytinu.